Fullgild rafræn undirskrift
ÁSDÍS ÁRMANNSDÓTTIR
Kennitala: 230567-4689
2022-06-28 10:04:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Sýslumaður Suðurnesja

## 06 448

# Ársreikningur 2021

## Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................... | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins ........................................................................ | **3** |
| Efnahagsreikningur ............................................................................... | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................. | **5** |
| Skýringar ................................................................................................ | **6** |



**Sýslumaður Suðurnesja**

**kt. 610576-0369**

**Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík**

# Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Suðurnesja er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 263,6 milljónir og afkoma kr. 11,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 14,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 44,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Suðurnesja í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Suðurnesja fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ásdís Ármannsdóttir
sýslumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 248.750.000 | 246.061.469 |
| Seld þjónusta | 3 | 2.924.360 | 1.754.243 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 10.757.611 | 5.855.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 1.152.247 | 950.301 |
| **Tekjur samtals** | | 263.584.218 | 254.621.013 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 207.562.071 | 205.608.461 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 43.456.173 | 39.265.408 |
| Afskriftir | 7 | 1.152.247 | 950.301 |
| **Gjöld samtals** | | 252.170.491 | 245.824.170 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 11.413.727 | 8.796.843 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (10.902) | (4.563) |
| | | (10.902) | (4.563) |
| **Afkoma ársins** | | 11.402.825 | 8.792.280 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| | Skýr | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | | 3.841.860 | 3.547.394 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 3.841.860 | 3.547.394 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur ........................................ | | 4.573 | 0 |
| Tengdir aðilar ........................................ | 9 | 39.062.908 | 20.201.330 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ........................................ | 10 | 874.157 | 3.194.984 |
| Handbært fé ........................................ | 11 | 655.184 | 1.684.667 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 40.596.822 | 25.080.981 |
| **Eignir samtals** | | 44.438.682 | 28.628.375 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign ........................................ | | 14.061.738 | 2.658.913 |
| **Eigið fé samtals** | | 14.061.738 | 2.658.913 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | 9 | 1.840.723 | 1.957.723 |
| Viðskiptaskuldir ........................................ | | 5.307.640 | 745.510 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........................................ | 13 | 21.454.209 | 21.339.610 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........................................ | 14 | 1.774.372 | 1.926.619 |
| **Skuldir samtals** | | 30.376.944 | 25.969.462 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 44.438.682 | 28.628.375 |
| **Aðrar upplýsingar** | 15 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ........................................................................................... | | 11.402.825 | 8.792.280 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir .................................................................................................... | 7 | 1.152.247 | 950.301 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára ........................................................ | | (1.152.247) | (950.301) |
| | | 11.402.825 | 8.792.280 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur ............................................. | | 2.316.254 | (2.359.371) |
| Tengdir aðilar .......................................................................................... | | (19.425.291) | (12.157.156) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir ................................................................................. | | 4.676.729 | 2.236.405 |
| | | (12.432.308) | (12.280.122) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (1.029.483) | (3.487.842) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna ..................................................... | 8 | (1.446.713) | (2.510.328) |
| | | (1.446.713) | (2.510.328) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar ............................................................................................ | | 446.713 | 1.510.328 |
| Fjárfestingarframlag .................................................................................. | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| | | 1.446.713 | 2.510.328 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (1.029.483) | (3.487.842) |
| Handbært fé í byrjun árs ........................................................................... | | 1.684.667 | 5.172.509 |
| **Handbært fé í árslok** | | 655.184 | 1.684.667 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................................................ 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 248.750.000 | 246.061.469 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 1.152.247 | 950.301 |
| | 249.902.247 | 247.011.770 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 224.800.000 | 0 | 0 | 224.800.000 |
| Millifært úr varasjóð | 1.800.000 | 0 | 0 | 1.800.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 22.150.000 | 0 | 0 | 22.150.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **248.750.000** | **0** | **0** | **248.750.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (237.347.175) | 0 | 0 | (237.347.175) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **11.402.825** | **0** | **0** | **11.402.825** |

**3 Seld þjónusta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Verksala | 125.600 | 132.590 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 2.798.760 | 1.621.653 |
| | 2.924.360 | 1.754.243 |

**4 Framlög og ýmsar tekjur**

| | | |
|---|---|---|
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 4.902.611 | 0 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 5.855.000 | 5.855.000 |
| | 10.757.611 | 5.855.000 |

**5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 166.640.827 | 163.124.942 |
| Orlof, breyting | 1.637.704 | 3.828.291 |
| Launatengd gjöld | 37.947.035 | 37.542.378 |
| Starfsmannakostnaður | 1.336.505 | 1.112.850 |
| | 207.562.071 | 205.608.461 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 19,7 | 21,0 |

**6 Annar rekstrarkostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 1.672.816 | 1.834.568 |
| Byggingarvörur, almennar | 2.524 | 0 |
| Ýmis tæki og áhöld | 400.920 | 521.670 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 8.703 | 0 |
| Orkugjafar | 836.605 | 699.678 |
| Matvæli | 3.470.112 | 2.819.955 |
| Almennar rekstrarvörur | 2.473.482 | 124.234 |
| Vörukaup, almenn | 8.865.162 | 6.000.105 |

# Skýringar

**6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)**

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Ýmsar sérgreindar vörur | 0 | 41.586 |
| Vörukaup, sérgreind | 0 | 41.586 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 276.750 | 147.700 |
| Akstur | 557.940 | 424.566 |
| Sérfræðiþjónusta | 1.621.773 | 1.108.728 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 1.293.002 | 1.203.961 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 658.287 | 442.322 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 2.732.558 | 3.156.470 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 7.140.310 | 6.483.747 |
| | | |
| Afnotagjöld | 823.425 | 1.302.983 |
| Leigugjöld | 14.032.328 | 13.557.780 |
| Notkun véla og flutningatækja | 321.348 | 415.747 |
| Verkkaup | 4.125.506 | 4.416.650 |
| Kostnaðarhlutdeild | 8.138.594 | 7.046.810 |
| Tilfærslur | 9.500 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 27.450.701 | 26.739.970 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 43.456.173 | 39.265.408 |

**7 Afskriftir**

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 1.152.247 | 950.301 |
| | 1.152.247 | 950.301 |

**8 Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3.841.860 | 3.547.394 |
| | 3.841.860 | 3.547.394 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|
| Staða 01.01.2021 | 10.289.209 | 10.289.209 |
| Viðbætur á árinu | 1.446.713 | 1.446.713 |
| | 11.735.922 | 11.735.922 |
| | | |
| Afskriftir 01.01.2021 | 6.741.815 | 6.741.815 |
| Afskrift ársins | 1.152.247 | 1.152.247 |
| | 7.894.062 | 7.894.062 |
| | | |
| Staða 31.12.2021 | 3.841.860 | 3.841.860 |

# Skýringar

**9 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 20.744.139 | 20.201.330 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 18.318.769 | 0 |
| | 39.062.908 | 20.201.330 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 1.840.723 | 1.957.723 |
| | 1.840.723 | 1.957.723 |

**10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 6.884 | 2.300.750 |
| Skattar | 867.273 | 894.234 |
| | 874.157 | 3.194.984 |

**11 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 185.039 | 245.786 |
| Tékkareikningar | 470.145 | 1.438.881 |
| | 655.184 | 1.684.667 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 18,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

**12 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 2.658.913 | (6.133.367) |
| Afkoma ársins | 11.402.825 | 8.792.280 |
| Jöfnuður 31.12. | 14.061.738 | 2.658.913 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

**13 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 19.566.694 | 17.928.990 |
| Önnur ógreidd gjöld | 1.887.515 | 3.410.620 |
| | 21.454.209 | 21.339.610 |

## Skýringar

**14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 3.841.860 | 3.547.394 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) … | (2.067.488) | (1.620.775) |
| | 1.774.372 | 1.926.619 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2021 | 3.547.394 | (1.620.775) | 1.926.619 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 1.446.713 | (1.446.713) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (1.152.247) | 0 | (1.152.247) |
| | 3.841.860 | (2.067.488) | 1.774.372 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

**15 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði og tímabundinn samning um ræstingu til ársins 2021, eftir samningstímann endurnýjast hann ár í senn sé samningnum ekki sagt upp. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 14,7 milljónum og vegna ræstingu 3,1 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.